



Félags háskólamenntaðra starfsmanna
Háskóla Íslands og tengdra stofnana

**Skýrsla stjórnar Félags háskólakennara
félags háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana
starfsárið 2025 - 2026**

Hlutverk félagsins er skilgreint í 2. grein laga þess og er eftirfarandi:

- að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna og fara með samningsumboð fyrir félagsmenn.
- að upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur.
- að stuðla að samvinnu og samstöðu meðal félagsmanna.
- að efla símenntun félagsmanna og stuðla að eflingu rannsókna.
- að vera í fyrirsvári fyrir félagsmenn gagnvart skyldum innlendum og erlendum félagasamtökum.

Stjórnin telur skýrsluna endurspegla þessi hlutverk félagsins.

Fjöldi félagsmanna 1. október 2025, skipting eftir stofnunum og starfsheitum:

HÍ	Fjöldi	Stöðugildi
Dósentar	131	106,4
Lektorar	149	109,3
Stjórnsýsla	395	360,2
Aðjúntar I og II	204	113,4
Rannsóknar- lektor, dósent og prófessor	52	46,4
Nýdóttorar, rannsóknasérfræðingar	96	79,3
Meistara – og doktorsnemar	272	221,6
Rannsóknarfólk, aðstoðarfólk	100	55,8
HÍ alls	1.399	1.097,4
Árnastofnun alls	62	47,1
Landsbókasafn alls	19	17,2
Keldur alls	8	7,5
Félags háskólakennara ALLS	1.488	1.169,2

Samkvæmt skýrslu stjórnar frá starfsárinu 2024 - 2025 var fjöldi félagsmanna í október 2024 samtals um 1.534 og því hefur félagsfólki fækkað aðeins.

Stjórn

Stjórn Félags háskólakennara starfsárið 2025 - 2026 skipuðu eftirfarandi:

Baldvin Zarioh, formaður (deildarstjóri).

Andri M. Kristjánsson, meðstjórnandi (deildarstjóri).

Ármann Höskuldsson, varaformaður (rannsóknaprófessor).

Íris Davíðsdóttir, ritari (verkefnastjóri).

Íris Hrönn Guðjónsdóttir, gjaldkeri, (innviðastjóri).

Katrín Pálmad. Þorgerðardóttir, fulltrúi styrkþega, (doktorsnemi).

Kolbeinn Hólmur Stefánsson, meðstjórnandi (dósent).

Ragna Kemp Haraldsdóttir, meðstjórnandi (dósent).

Starfsmaður

Fastráðinn starfsmaður félagsins er Helga Birna Ingimundardóttir, framkvæmdastjóri.

Skrifstofa

Heimilisfang og aðsetur félagsins er Borgartún 27, 2. hæð.

Trúnaðarstörf

Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þann 3. júní sl. var ákveðið að Ármann Höskuldsson yrði varaformaður félagsins, Íris Davíðsdóttir ritari og Íris Hrönn Guðjónsdóttir, gjaldkeri.

Fulltrúi félagsins á háskólaþingi var kosin á stjórnarfund 3. apríl 2024, Íris Hrönn Guðjónsdóttir og til vara Andri M. Kristjánsson. Skipunartíminn er skólaárið 2024 – 2025.

Á stjórnarfund 1. ágúst 2025 var ákveðið að Ragna Kemp Haraldsdóttir yrði fulltrúi félagsins í matkerfisnefnd opinberu háskólanna.

Á stjórnarfund 1. ágúst 2025 var ákveðið að Katrín yrði fulltrúi félagsins í stjórn Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara.

Á stjórnarfund 1. febrúar 2023 var Ármann Höskuldsson skipaður fulltrúi félagsins í Siðanefnd HÍ til þriggja ára, frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2025. Þessi skipun var endurnýjuð í upphafi árs 2026 frá 1. janúar til 30. júní 2026.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir prófessor var tilnefnd í ráð um málefni fatlaðra fyrir hönd Félags háskólakennara og Félags prófessora við ríkisháskóla.

Skoðunarmenn reikninga eru Sigríður Jónsdóttir og Reynir Örn Jóhannsson.

Kjörnefnd var kosin á aðalfundi 2025 og hana skipa Anna Jóna Ingu Ólafardóttir, Kristín Harðardóttir og Sverrir Guðmundsson.

Trúnaðarmenn félagsins eru rúmlega 20 talsins. Mikilvægt er að félagið hafi tengiliði á öllum sviðum og stofnunum þar sem félagsmenn starfa. Listi með nöfnum trúnaðarmanna og vinnustöðum

Félag háskólakennara hvetur félagsmenn að kjósa trúnaðarmenn á sinni starfsstöð og mun veita þá aðstoð sem þarf.

Starfsárið, störf stjórnar

Á starfsárinu hefur stjórn Félags háskólakennara einkum beint sjónum sínum að kjaramálum, skipulags- og stefnumótunarmálum félagsins, sameiginlegri hagsmunagæslu akademískra félaga og undirbúningi fyrir stærri verkefni næstu ára.

Á vinnufundi stjórnar í október 2025 voru eftirfarandi málefni sett á oddinn, mótun áhersluatriða næstu kjarasamninga, vinnu tengda Greiningarsjóði háskólafélaganna og skoðun á framtíðarskipan stéttarfélagsmála innan háskólasamfélagsins.

Í kjarasamningum sem undirritaðir voru í september 2024 var ákvæði um launatöfluauka sem tryggir bætur ef launaþróun á almennum markaði fer fram úr launaþróun okkar félagsfólks. Niðurstaða þess var að félagsfólk í Félagi háskólakennara fékk 1,24% launahækkun þann 1. september síðastliðinn. Næsta endurskoðun samkvæmt ákvæði um launatöfluauka mun fara fram 1. september 2026.

Alls hafa verið haldnir 12 formlegir stjórnarfundir á starfsárinu, auk vinnufunda stjórnar vegna kjaramála og annara funda um afmörkuð málefni.

Reglulegir fundir hafa verið haldnir í samráðsnefnd um kjaramál Fh og HÍ og félagsfólk upplýst um stöðu mála í upplýsingapósti formanns fyrir hönd stjórnar félagsins.

Kjaramál

Samhliða gildandi kjarasamningi undirrituðum þann 16. september 2024 voru gerðar bókanir milli samningsaðila, Fh og HÍ. Þær eru þessar, starfsmatskerfið Hera, starfshópar í yfirvinnu í kennslu og launasetningu akademísks starfsfólks og doktorsnema, samgöngustyrkja, símakostnað og vinnu með líffræðilega skaðvalda.

Á liðnum vetri hafa þessi mál verið rædd í samráðsnefnd um kjaramál Fh og HÍ, auk fleiri mála. Þar má m.a. nefna reglur um námsleyfi, launasetning nýdoktora, laun BS nema, fæðismál, þóknanataxti, yfrvinna í kennslu, túlkun á starfsaldri aðjúnkta II, rannsóknamissari og einstaklingsmál. Staða helstu mála er þessi:

- **Starfsmatskerfið HERA:** Unnið hefur verið að aðlögun starfslýsinga í nýju kerfi og drög verið gerð að launaröðun. HÍ hefur upplýst félagið að fjármagn vegna verkefnisins er tryggt en enn er unnið að útfærslu.
- **Samgöngustyrkir:** Samhliða breytingum á gjaldtöku bílastæða sem tóku gildi 18. ágúst 2025 var samgöngustyrkur sem starfsfólki býðst endurbættur. Hann felur m.a. í sér að starfsfólk skuldbindur sig til að ferðast til og frá skólanum með vistvænum hætti að minnsta kosti tvisvar í viku. Þeir sem velja samkomulagið um vistvænan ferðamáta hafa aðgengi að íþróttahúsi HÍ þeim að kostnaðarlausu og gefst kostur á að kaupa árskort í strætó á36þkr(í stað kr. 112þkr.). Verð á bílastæðakorti er 1.500kr/mán og getur starfsfólk skráð tvö bílnúmer.
- **Starfskjör doktorsnema:** Félagið skipaði sína fulltrúa í starfshóp sem hafði það verkefni að skoða fyrirkomulag doktorsstyrkja. Ekki hefur verið fundað í nefndinni á liðnum vetri. Fulltrúi styrkþega í stjórn félagsins sendi Jafnréttisnefnd HÍ erinfi þann 7. nóv. sl. vegna samspils veikindaréttar doktorsnema og fæðingarorlofs. Þá sendi félagið erindi til Styrktarsjóðs BHM vegna áhrifa breytinga á reglum sjóðsins sem tóku gildi 1. september 2025, á kjör doktorsnema í nóvember 2025 vegna hækkunar á lágmarksiðgjaldi til eiga fullan styrk úr sjóðinum. Svar barst félaginu í apríl 2026 og stjórn sjóðsins hefur ákveðið lækka viðmiðunarupphæð iðgjalds til réttinda í sjóðinum sem mun koma doktorsnemum til góða.

- **Líffræðilegir skaðvaldar:** Á liðnum vetri hefur verið unnið að eyðublaði og kortlagningu vinnustaða þar sem starfsfólk vinnur með líffræðilega skaðvalda. Sú vinna hefur dregist úr hófi fram en stjórn félagsins sér fram á að henni ljúki nú á vormisseri. Þeir sem uppfylla skilyrðin fá ígildi eins launþreps í formi tímabundinnar þóknunar frá 1. janúar 2024.
- **Reglur um námsleyfi:** Á fundi háskólaráðs 5. júní 2025 voru lagðar fram breyttar reglur um námsleyfi starfsfólks í stjórnsýslu og stoðþjónustu. Félag háskólakennara mótmælti skerðingum vegna námsleyfa en í drögum að nýjum reglum voru m.a. réttindi til dagpeninga skert. Auk þess hafa verið skilgreind styttri námsleyfi sem munu skerða rétt starfsfólks til lengri námsleyfa þegar fram í sækir. Félagið sendi inn umsögn við drögin þar sem gerðar voru athugasemdir við verklagsregluna í heild sinni. Niðurstaðan var að HÍ tók tillit til athugasemda félagsins í lokaútgáfu verklagsreglanna og gefa þær m.a. kost á dagpeningum en með skilyrðum þó.
- **Fæðisfé:** HÍ boðaði breytingar á fyrirkomulagi fæðisfés og matarmiða vorið 2024. Í stað þess að greiða fæðisfé eða veita aðgang að matarmiðum þá stefndi Háskólinn á að fella niður fæðisfé og matarmiða og fjármagna þess í stað afslætti gegn framvísun korts í Hámu og e.t.v. fleiri stöðum í framtíðinni. Félag háskólakennara mótmælti þessum fyrirætlunum.

Starfshópur um matarmál starfsfólks var settur á fót í lok september 2024 til að útfæra tillögur að nýju fyrirkomulagi matarmála en markmið breytinganna er að bæta aðstöðu fyrir starfsfólk til að njóta matar og kaffiaðstöðu, auka gæði máltíða og bæta aðgengi að hollum mat og að nýta betur fjármagn og stuðla að aukinni umhverfisvernd. Upphaflega átti nefndin að skila af sér fyrir lok október en sá tímafrestur var lengdur út nóvember. Í starfshópnum voru tveir fulltrúar háskólans auk fulltrúa frá Fh og FPR, formaður Fh var fulltrúi í hópnum. Hópurinn kynnti sér fyrirkomulagið hjá tveimur aðilum nálægt Háskóla Íslands auk fyrirkomulags mála hjá HÁMU. Þá fór rýnihópavinna með fulltrúum frá öllum sviðum auk miðlægrar stjórnsýslu fram. Starfshópur um matarmál starfsfólks lauk störfum í lok nóvember og skilaði skýrslu til háskólaráðs. Í niðurlagi álitsins segir: „Það er pólitísk ákvörðun sem hvílir á herðum yfirstjórnar háskólans að afnema fæðisfé og semja við aðila um veitingarekstur á svæðinu. Það framboð og sú mynd sem er á þjónustu við starfsfólk í dag dugir engan veginn til að réttmætt sé að taka af fæðisfé og því er breytinga þörf.“

HÍ ákvað að fara ekki að tillögum nefnarinnar sbr. tilkynningu mannauðssviðs HÍ til starfsfólks 14. apríl 2025. Starfsfólk HÍ fékk formlega uppsögn á fæðisfé í lok júlí 2025 og tóku breytingarnar gildi þann 1. ágúst. Breytingin felur m.a. í sér að starfsfólki stendur til boða að kaupa tilbúinn mat í Hámu á sambærilegu verði og býðst í mötuneyti Stjórnarráðsins, kr. 968. Þá verður annar tilbúinn matur og kaffidrykkir í Bóksölu stúdenta á 30% afslætti. Aðgengi starfsfólks verður auk þess aukið þar sem leitað hefur verið til annarra veitingarekstraraðila á háskólasvæðinu.

- **Starfshópur rektors um vinnuálag:** Félag háskólakennara á tvo fulltrúa í starfshópi rektors um mat á kennsluálagi og viðbrögð við því. Nefndin hefur fundað í vetur og fyrsta skref var að funda með stjórnendum sviða og rekstrarstjórum til að taka stöðumat á kennsluálagi á hverju sviði og leita lausna. Nefndinni, sem tók til starfa um miðjan október 2025, var upphaflega ætlað að skila niðurstöðu fyrir áramót en starfið hefur tekið lengri tíma og niðurstaðna því að vænta á vormisseri 2026.
- **Stjórn Matskerfis opinberra háskóla:** Félag háskólakennara á fulltrúa í stjórn Matskerfis opinberra háskóla. Á fundum stjórnarinnar í vetur hefur verið undirbúin stutt spurningakönnun sem snýr að notagildi matskerfisins fyrir félagsfólk. Gert er ráð fyrir að starfsfólk hafi möguleika á að fylla út könnunina með næsta framtali starfa. Vonast er til að niðurstöðurnar gefi stjórninni raunhæfa mynd af notagildi matskerfisins fyrir akademískt starfsfólk og gefi forsendur fyrir mögulegum úrbótum á kerfinu.

Greiningarsjóður háskólafélaganna

Mikilvæg nýjung á árinu var stofnun Greiningarsjóðs háskólafélaganna. Þann 4. september 2025 undirrituðu Félag háskólakennara, FÍN, Félag háskólakennara á Akureyri og Félag prófessora í ríkisháskólum samstarfssamning um nýjan sjóð sem ætlað er að efla greiningarvinnu um hag og starfsumhverfi háskólamenntaðra sérfræðinga og akademísks starfsfólks. Þarna var stigið mikilvægt skref í að styrkja sameiginlega þekkingaruppbyggingu og málefnastarf félaganna fjögurra til framtíðar.

Formaður Fh er fyrsti formaður sjóðsins en sjóðurinn réð Halldór Valgeirsson sérfræðing í tölfraeðigreiningum til starfa og hóf hann störf á þann 1. desember 2025. Rekstrargrundvöllur sjóðsins felst í svo kölluðu 0,1% gjaldi sem greitt er af launum ríkisstarfsfólks innan félaganna fjögurra, en því gjaldi er einmitt ætlað að standa straum af kostnaði sem fellur til vegna ýmis konar vinnumarkaðsgreininga.

Framtíðarskipan stéttarfélagsmála innan háskólasamfélagsins

Á aðalfundi félagsins í maí 2025 kom ákall frá fundarfólki um að stjórn félagsins skoði framtíðarskipulag stéttarféлага innan háskólasamfélagsins. Á fundi stjórnar í ágúst 2025 var ákveðið að félagið hefji samtal við Félag háskólakennara á Akureyri og Félag prófessora við ríkisháskóla vegna málsins. Félögin þrjú skipuðu ófromlega nefnd sem hóf samtal, safnaði ýmsum gögnum og sendi út könnun um málið til félagsfólks í febrúar 2026. Þátttaka í könnuninni var misjöfn eftir starfahópum en niðurstöður benda til þess að það sé vilji til breytinga í þessum málum. Félögin þrjú hafa því ákveðið að halda áfram samtali um tilhögun stéttarfélagsmála í ríkisháskólum og mun starfsmaður Greiningarsjóðsins nú fara í greiningarvinnu fyrir félögin þrjú ásamt FÍN.

Keldur

Forráðamenn Keldna ákváðu að virða ekki áralanga verklagsreglur vegna greiðslna úr vinnumatssjóði við starfslok og því leitaði sá starfsmaður og félagsmaður til félagsins á árinu 2024. Málið var farvegi hjá lögmanni félagsins sem lauk með fullnaðarsigri félagsins haustið 2025. Keldur féllst á kröfu félagsins og hlutaðeigandi fékk greitt samræmi við hana.

Umsagnir

Félag háskólakennara sendi umsögn um tillögur um námsleyfi dags. 19. júní 2025, vegna endurskoðunar verklagsreglna um námsleyfi.

Erlent samstarf

Vorið 2025 sóttu sex fulltrúar félagsins fund norrænna systursamtaka sem haldinn var í Vasa í Finnlandi. Fundurinn var vel skipulagður og á dagskránni var m.a. kjaramál og samanburður launa milli landanna, vinnutími og álag í akademískum störfum, akademískt frelsi ásamt stefnu stjórnvalda í vísindum og háskólamálum á Norðurlöndum.

Háskólaþing:

Íris Hrönn Guðjónsdóttir sat Háskólaþing 19. nóvember 2025, sem fulltrúi félagsins.

BHM

Félag háskólakennara er fjórða fjölmennasta aðildarfélag bandalagsins og tekur virkan þátt í störfum þess og á eftirfarandi fulltrúa í stjórnnum og nefndum:

Stjórn BHM: Íris Davíðsdóttir ritari Fh situr í Framkvæmdastjórn BHM.

Formannaráðsfundur BHM: Baldvin Zarioh formaður, situr í formannaráði BHM. Íris Davíðsdóttir situr einnig fundina vegna stjórnarsetu í BHM.

Jafnréttisnefnd BHM: Sunna Kristín Símonardóttir er formaður jafnréttisnefndar BHM og var fulltrúi félagsins í nefndinni, þar til hún hvarf til annarra starfa.

Kjaranefnd BHM

Kolbeinn Hólmar Stefánsson situr í kjaranefnd BHM

Framboðsnefnd BHM: Ármann Höskuldsson er varamaður í framboðsnefnd BHM.

Kjörstjórn BHM: Baldvin Zarioh var varamaður í kjörstjórn BHM.

Nefnd um innri málefni BHM: Baldvin Zarioh formaður, hefur tekið þátt í störfum nefndarinnar á starfsárinu.

Starfsmenntunarsjóður BHM: Helga Birna situr í stjórn sjóðsins fyrir hönd félagsins.

Samninganefnd félagsins og framkvæmdastjóri hafa tekið þátt í undirbúningi kjarasamningsgerðar með aðildarfélögum BHM á starfsárinu.

Málefni einstakra félagsmanna

Á skrifstofu félagsins leita fjölmargir félagsmenn með ýmis mál sem þeir óska eftir aðstoð við að fá úrlausn á. Vel hefur gengið að leysa úr erindum félagsmanna á liðnu starfsári og skrifstofa félagsins vill hvetja félagsmenn að hika ekki við að hafa samband ef eitthvað bjátar á í kjara- og/eða réttindamálum eða ef upplýsinga er þörf.

LOKAORÐ:

Eins og fram hefur komið gaf ég ekki kost á mér til áframhaldandi starfa sem formaður félagsins en ég hef gegnt starfi formanns í sex ár. Það hefur ýmislegt gengið á á þessum árum, tvennir kjarasamningar og ótal breytingar á stofnanasamningum félagsins. Það hefur þrengt verulega að kjörum félagsmanna, sérstaklega síðustu þrjú ár og hafa ýmis kjör sem ekki tengjast beint kjaraviðræðum verið rýrð án þess að tillit hafi verið tekið til okkar sjónarmiða og má þar helst nefna frestun á úthlutunum ferðastyrkja Sáttmálasjóðs, innleiðing á bílastæðagjöldum og breytingar á fæðisfésmálum. Það verður að viðurkennast að það hefur reynst lýjandi að þurfa að berjast á mörgum vígstöðvum á sama tíma. Ég vil þakka öllu því stjórnarfólki sem ég hef unnið með í gegnum tíðina. Ég vil einnig þakka gott samstarf við Félag háskólakennara á Akureyri, Félag prófessora við ríkisháskóla og FÍN, það samstarf hefur verið mikið á starfsárinu og lofar góðu fyrir framtíðina. En sérstaklega vil ég þakka framkvæmdastjóra Félagsins, Helgu Birnu, en hún er hryggjastykkið í starfi félagsins. Að lokum þá vil ég óska félaginu velfarnaðar í framtíðinni.

Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara (SFH)

Stjórn Starfsþróunarsjóðs Félags háskólakennara starfsárið 2025 - 2026 skipuðu eftirfarandi:

Fulltrúar Félags háskólakennara:

Íris Davíðsdóttir rekstrarstjóri, formaður.

Katrín Þorgerðar Pálmaðóttir doktorsnemi.

Fulltrúar Háskóla Íslands:

Þórana Dietz starfsmannastjóri Heilbrigðisvísindasviðs.

Guðrún Lárusdóttir verkefnastjóri Mannuðssvið

Framkvæmdastjóri sjóðsins er Helga Birna Ingimundardóttir.

Alls voru haldnir 11 fundir formlegir stjórnarfundir. Umsóknir á árinu 2025 hafa aldrei verið eins margar eða alls 748 og fjölgaði um 9% frá árinu 2024 eða úr 684 umsóknum. Að sama skapi voru greiddir styrkir á árinu 2025 kr. 122.476.820 en á árinu 2024 voru greiddi styrkir kr. 118.027.235 og hafa því aukist um tæp 4%.

Kynningarmál og samningur við Endurmenntun

Stjórn sjóðsins leggur mikla áherslu á að kynna sjóðinn vel fyrir félagsfólki og voru rafrænar kynningar haldnar á liðnum vetri á íslensku og ensku.

Þá var öllum dósentum sendur tölvupóstur þar sem vakin var athygli á því að réttindi úr SFH falla niður með framgangi í starf prófessors.

Starfsþróunarsjóður Félags háskólakennara og Endurmenntun Háskóla Íslands gerðu með sér samning í október 2025 vegna valinna námskeiða hjá Endurmenntun, er gildi til apríl 2026.

Samningurinn hvað á um að félagsfólk gat sótt námskeið hjá Endurmenntun þeim að kostnaðarlausu. Félagsfólk var duglegt að nýta sér þennan kost og stjórn hefur fengið mjög jákvæð viðbröð vegna hans.

Tölulegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins á árunum 2019 til 2025

	2025	2024	2023	2022	2021	2020	2019
Fjöldi umsókna	748	684	496	499	190	138	275
Samþykktar umsóknir	730	678	478	480	181	132	258
Ósamþykktar eða hætt við umsóknir	18	8	18	19	9	6	17
Styrkir sem greitt er fyrir:							
Skólagjöld	6,9%	8%	10%	14%	31%	32%	14%
Námskeiðsgjöld	7,7%	9%	6%	12%	35%	35%	9%
Ráðstefnugjöld	17,5%	18%	20%	20%	8%	10%	21%
Rannsóknamissari	4,3%	2%	2%	2%	2%	0	0
Kostnaður við flug	28,5%	32%	30%	25%	9%	11%	29%
Kostnaður við akstur	2,1%	2%	2%	2%	2%	0,50%	2%
Kostnaður við hótél	32,8%	29%	30%	25%	13%	11,50%	25%
	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%
Greiddir styrkir einstaklingar kr.	118.789.940	115.311.495	78.581.686	67.452.964	19.502.047	16.113.637	34.497.513
Greiddir styrkir stofnanir (EHÍ) kr.	3.897.880	3.109.652	4.462.152	5.734.000	1.118.520	0	0
Alls greiddir styrkir kr.	122.476.820	118.027.235	83.043.839	73.186.964	20.620.297	16.113.637	34.497.513

Greiddir styrkir eftir stofnunum og starfsheimum:

	2025	2024	2023	2022	2021	2020	2019	2018	2017
HÍ	95%	95%	91%	93%	93%	96%	91%	94%	90%
Akademískir	38%	34%	41%	38%	25%	26%	48%	48%	43%
Stjórnsýsla	32%	31%	35%	31%	29%	44%	30%	34%	32%
aðrir	30%	36%	24%	31%	46%	52%	22%	18%	23%
Landsbókasafn– háskólabókasafn, Keldur og Árnastofnun	5%	5%	9%	7%	7%	4%	9%	6%	10%

